

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar

Reykjavík, 14. september 2026

SFS26090098

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um að fá kynningu á niðurstöðum PISA í skóla- og frístundaráði

Fulltrúi Samfylkingarinnar óskar eftir því að á næsta fundi skóla- og frístundaráðs verði ítarleg kynning á niðurstöðum PISA könnunar sem lögð var fyrir nemendur í grunnskólum 2025. Sérstök áhersla verði lögð á að kynna stöðu nemenda í Reykjavík borið saman við aðra landshluta og fyrri PISA kannanir með greiningum á helstu skýringum niðurstaðna. Loks verði kynnt til hvaða aðgerða sviðið hefur gripið og telur vænlegast að grípa til, til að bæta námsárangur í grunnskólum borgarinnar í lesskilningi, stærðfræði og náttúruvísindum.